

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

4. tbl. 3. árg.

10. apríl 2025



Viða í sveitarfélaginu má finna bekki og borð þar sem gott er að tylla sér og njóta þess sem fyrir augum ber. Þó vindar blási gjarnan á þessum árstíma má alltaf finna skjól. Við Vatnasafn eru bekkir á öllum hliðum hússins og því líklegt að geta tyllt sér á amk einn bekk í skjóli og notið útsýnis.

Hanastéls-páskar í Stykkishólmi

Undanfarin ár hefur kokteilahátíðin Stykkishólmur cocktail weekend verið haldin hátíðleg í kringum páskana. Þetta árið verður hinsvegar breyting þar á og verður hátíðin að vikulöngum

viðburði sem haldin verður 16.-21. júní. Á hátíðinni keppa helstu barir og veitingastaðir bæjarins um að blanda bestu kokteilana. Skipuleggjendur hátíðarinnar lofa glæsilegri hátíð í

sumar, þeirri stærstu og metnaðarfullstu hingað til. Til upphitunar verða litlir viðburðir helgina fyrir páska til að minna á hátíðina í júní. Boðið verður meðal annars uppá firmakeppni, pásk-

abingó á Fosshótel Stykkishólmi, Pub quiz á Narfeyrarstofu og lengri opnunartíma á Skippernum. Það má því búast við iðandi mannlífi og miklu fjöri í Stykkishólmi fyrir og um páskana.

Nýjar tröppur auðvelda vörumóttöku



Jón Aðalsteinsson kampakátur við tröppurnar góðu.

Nú á dögnum voru Inngangurinn er settar upp nýjar tröppur við vesturinn-ganginn á Höfðaborg. Það er vörumóttaka fyrir eldhúsið á Höfðaborg sem þjónustar íbúa sveitar-

félagsins í mataráskrift og grunnskólann. Það er því töluvert vörumagn sem á leið um eldhúsið

og þessi framkvæmd mikil bót fyrir starfsfólk í eldhúsinu. Þá stendur einnig til að setja nýja og stærri hurð á húsið í stað þeirrar gömlu. Á efsta pallinum á tröppunum er svo hlið sem hægt er að opna upp á gátt svo lyftarar geti keyrt bretti alveg upp að dyrum, eða inn fyrir dyr þegar búið er að endurnýja hurðina. Á myndinni hér að ofan má sjá Jón Aðalsteinsson, járnsmið, sem smíðaði tröppurnar fyrir sveitarfélagið og setti upp með aðstoð starfsmanna áhaldahússins.



Áfram Snæfell

Snæfell mætti Hamar í fjórða leik liðanna í baráttu um sæti í undanúrslitum 1. deildar karla í körfuknattleik miðvikudaginn 9. apríl. Leikurinn fór fram í íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi. Stúkan var full og mikil stemmning í húsinu. Fyrir leikinn hafði Snæfell unnið einn leik en Hamar tvo og því um mikilvægan leik að

ræða, en til að tryggja sér sæti í undanúrslitum þarf að sigrá þrjá leiki. Lokatölur voru Snæfell 100 - Hamar 88, en heimamenn héldu forystu allan leikinn. Úrslitaleikurinn í þessari rimmu fer því fram í Hveragerði sunnudaginn 13. apríl og eru Hólmarar og Snæfellingar hvattir til að mæta og styðja strákana til sigurs.



Teikningar af skipulaginu grandskoðaðar á fundi.

Skipulag fyrir Hamraenda og Kallhamar kynnt

Eins og auglýst var í síðasta blaði voru tillögur að deiliskipulagi fyrir Kallhamar og Hamraenda, ásamt breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms, kynnt á opnu húsi í Amtsbókasafninu 25. mars síðastliðinn. Vel á annan tug sótti

fundinn og sköpuðust þar gagnlegar umræður þegar hagsmunaaðilar létu skoðanir sínar í ljós. Skipulagsfulltrúi vinnur nú að því að yfirfara þær umsagnir og ábendingar sem komu fram í samráði við skipulagshönnuð.

Höfðingleg gjöf



Hluti nýju húseiningana verður komið fyrir í Nýrækt.

BB og Synir gáfu sveitarfélaginu og Skógræktarfélagi Stykkishólms á dögunum efni og vinnu við jarðvegsframkvæmdir í Nýrækt. Þar undirbjó fyrirtækið fyrir komu húseininga sem sveitarfélagið festi kaup á fyrir skemmstu og mun flytja í Nýræktina á næstunni. Vinnan fólst í því að grafa og jarðvegsskipta

á svæðinu en í ljósi þess að verkefnið er í þágu samfélagsins og húsið kemur til með að nýttast félagasamtökum ákvað fyrirtækið að gefa vinnu sína. Sveitarfélagið sendir BB og Sonum kærar þakkir fyrir þá höfðinglegu gjöf. Nánar er fjallað um húseinigarnar og staðsetningar þeirra aftur í blaðinu.

Víkurbær tekur á sig mynd



Drjú hús hafa nú þegar risið í Víkurbær

Það er nóg um að vera í Víkurbær þessa dagana og sjáanlegur munur á framgangi mála dag frá degi. Uppbygging gengur hratt á svæðinu en Skipavík hefur nú þe-

gar reist tvö hús í hverfinu og Búðingar ehf. eitt. Þá er einnig búið er að steypa sökkla og plötur fyrir fleiri. Búðingar munu reisa fjögur hús á svæðinu, alls 16

íbúðir, en þar af eru 12 íbúðir sem verða í eigu leigufélagsins Brák. Þá stefnir Stólpi ehf. á að reisa tíu íbúðir í hverfinu ef áætlanir þeirra ná fram að ganga en nánar

er fjallað um það aftur í blaðinu. Það er því ljóst að bærinn fer ört vaxandi og verður spennandi að fylgjast með framkvæmdum í Víkurbær næstu misserin.

Pétur Jóhann með uppistand á Skildi

Grínistinn og gamanleikarinn góðkunni Pétur Jóhann Sigfússon sækir Hólminn heim laugardaginn 12. apríl

næstkomandi þegar hann verður með uppistand í Félagsheimilinu Skildi. Óhætt er að gera ráð fyrir góðri mætin-

gu og miklum hlátrar-sköllum á viðburðinum enda Pétur ekki þekktur fyrir annað en að trekkja vel að í þessum bransa.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Júlíana, hátíð sögu og bóka



Gréta sig Bjargardóttir, upphafskona Júlíönuhátíðar.

Júlíana, hátíð sögu og bóka, fór fram dagana 20.-22 mars síðastliðna. Hátíðin var fyrst haldin árið 2013 og er nú orðin rótgróin liður í lista- og menningarlífi Hólmara en þetta var í tólfta sinn sem hátíðin var haldin. Sem fyrr var metnaðarfull dagskrá í boði og fjöldi Hólmara og gesta sem nutu góðs af. Allt frá því hátíðin hófst, árið 2013, hafa Hólmara hlotið viðurkenningu fyrir framlag til menningar- og framfaramála. Í þetta

sinn voru það hjónin Ólafur K. Ólafsson og Lára Gunnarsdóttir sem voru heiðruð fyrir sitt framlag. Gréta Sig Bjargardóttir, stofnandi hátíðarinnar, sagði frá Júlíönu Jónsdóttur, sem hátíðin er kennd við, í beinni útsendingu frá Stykkishólmskirkju í kvöldfréttum RÚV daginn sem hátíðin var sett. Þá var Gréta einnig viðmælandi í Vísja á Rás 1 sama dag þar sem hún fjallaði um hátíðina, tildrög hennar og tilgang.

Áframhaldandi áhersla á göngustíga



Eins og þekkt er hefur það verið stefna sveitarfélagsins undanfarin ár að bæta gönguleiðir í sveitarfélaginu, á það jafnt við innanbæjar sem utan. Sveitarfélagið hefur í samstarfi við

Skógræktarfélag Stykkishólms unnið að uppbyggingu gönguleiða um Grensás en mikill kraftur hefur verið í skógræktarfélaginu undanfarin ár. Þá hefur áhersla einnig verið lögð

á að bæta göngustíga og tengingar milli hverfa innanbæjar en á myndinni hér að ofan má sjá dæmi um stíg sem nýverið var breikkaður og bættur. Þessi stígur tengir saman Þverveg og

Höfðagötu. Þá stendur til að bæta enn frekar við göngustíga í bænum með það að leiðarljósi að bæta umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.


Nóg að gera á höfninni í Stykkishólmi



Jón Jakobs og Jón Páll ditta að höfninni.

Höfnin í Stykkishólmi iðar af lífi öll sumur og er mikið aðdráttarafl fyrir gesti bæjarins. Þessa dagana er nóg um að vera á höfninni en hafnarvörður og

ásamt starfsmönnum áhaldahúss vinna að viðhaldsverkefnum til að gera klárt fyrir sumarið. Þá hafa framkvæmdir einnig staðið yfir við Baldursbryggju



Fenderar settir upp á Baldursbryggju.

á meðan ferjan er fyrir sunnan í slipp. Þar vinur Skipavík að því að setja upp svokallaða fendera sem hafa þann tilgang að verja bæði bát og bryggju þegar Baldur

leggst að kantinum. Fenderarnir koma í staðinn fyrir dekin sem áður voru en þau voru farin að láta á sjá.

Auglýst eftir verkstjóra í áhaldahúsið



Jón Beck verklegur fyrir framan dráttarvélina.

Sveitarfélagið Stykkishólmur auglýsti í byrjun marsmánaðar laust til umsóknar 100% starf verkstjóra í áhaldahúsi/þjónustumiðstöð sveitarfélagsins. Umsóknarfrestur er liðinn en hann var til 21. mars. Reiknað er með að gengið verði frá ráðningu á næstunni. Í starfsauglýsingunni kom fram að verkstjóri gegni mikilvægu hlutverki í að umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar og sinni í því sambandi fjölbreyttum verkefnum. Verkstjóri áhaldahúss hefur umsjón með rek-

stri áhaldahúss, gatna- og umferðarmannvirkja, fráveitukerfis sem og öðrum verkum sem heyra undir áhaldahúsi/þjónustumiðstöð sveitarfélagsins, þ.m.t. verklegum framkvæmdum, vetrarþjónustu og umhirðu á opnum svæðum. Frá árinu 2018 hefur Jón Beck Agnarsson sinnt verkstjórn í áhaldahúsi en hann lætur af störfum 30. apríl næstkomandi. Jóni eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins og gott samstarf.

Stólpi ehf. stefnir á uppbyggingu í Víkurhverfi



Forsvarsmenn Stólpa heimsóttu Hólminn á dögnum og tóku út aðstæður á svæðinu.

Fulltrúar Stólpa ehf. komu til fundar við bæjarráð 24. mars síðastliðinn og gerðu grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu í Víkurhverfi. Fulltrúum í skipulagsnefnd var einnig boðið að sitja fundinn til upplýsinga. Stólpi ehf. soti um og fékk úthlutaða lóðina Bauluvík 1 en þar hyggst fyrirtækið reisa tvö fimmbúða raðhús, alls tíu íbúðir. Sam-

kvæmt deiliskipulagi er heimild fyrir allt að sex íbúðum á lóðinni en fyrirtækið hefur nú þegar sent sveitarfélaginu tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Víkurhverfi. Breytingartillagna verður tekin fyrir á næsta fundi skipulagsnefndar. Verði skipulagsbreytingin samþykkt af hálfur skipulagsnefndar og bæjarstjórnar verður hún í kjölfarið kynnt íbúum og hagsmunaaðilum gefin kostur á að koma athugasemdum á framfæri í samræmi við skipulagslög.

Grunnskólinn mun stækka og mun meira til



Undirbúningur er í fullum gangi við Grunnskólann í Stykkishólmi

Eins og sagt var frá í síðasta blaði festi sveitarfélagið nýverið kaup á færanlegum húseiningum. Húseiningarnar, sem seldar voru á uppboði frá Reykjavíkurborg, standa nú við Dal-skóla. Einingarnar eru um 480 fermetrar að stærð, en þar af er 178 fermetra einingahús úr timbri sem nýtt verður

sem tvær kennslustofur, sérkennslurými og opið rými til kennslu. Þar að auki er salerni í húsinu. Eins og sjá má á myndinni hér að ofan er verið að undirbúa svæðið fyrir aftan grunnskólann og verður rampurinn nýttur til að tengja nýju bygginguna við skólann. Sveitarfélagið hefur víðar hafið undirbúning

á flutningi bygginganna í Stykkishólm með tilheyrandi frágangi á núverandi stað og undirbúning á nýrri staðsetningu. Hluti eininganna verður komið fyrir við gaflinn á íþróttamiðstöðinni, þar sem gengið er út úr stúkuni. Einingarnar sem þar verða staðsettar verða m.a. nýttar undir Regn-

bogaland og að hluta til fyrir X-ið. Þá er undirbúningur í fullum gangi varðandi staðsetningu og notkun annarra eininga, en meðal annars hefur jarðvegur verið undirbúinn við flugstöð og í Nýrækt þar sem hluti bygginganna verður nýttur. Húsnæðismál grunnskólans voru tekin til umræðu á fundi skóla- og fræðslunefndar, 18. mars síðastliðinn. Á fundinum gerði bæjarstjóri grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á lóð skólans en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins var eimitt áhersla lögð á að koma til móts við vaxandi húsnæðisþörf skólans. Skóla- og fræðslunefnd fagnaði áætlunum sveitarfélagsins í þessum efnum og taldi nefndin að

með auknum húsakosti skapist spennandi tækifæri til skólaþróunar.

„Húsnæðismál skólans hafa verið til umræðu undanfarið og við erum ákaflega ánægð með þessa lendingu. Það verður spennandi að fá þessar viðbætur við starfsemi skólans og rýmka til fyrir nemendur og starfsfólk.“


- Segir Þóra Margrét Birgisdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi.

Með vaxandi nemendafjölda grunnskólans hefur sveitarfélagið undanfarin ár ráðist í ýmsar aðgerðir til að nýta rými skólans sem best og mæta ákalli skólans um bætta aðbúnað.

Bæjarstjórn tók á sínum tíma ákvörðun um að sameina rekskur skólabókasafnsins og Amtsbókasafnsins í þeim tilgangi að auka hagræðingu og bæta aðstöðu. Með byggingu Amtsbókasafnsins og færslu skólabókasafnsins, losnaði um kennslurými fyrir skólann og síðar var á árinu 2019 ákveðið að nýta ljósmyndasafn bókasafnsins til kennslu. Nýlegar breytingar og endurbætur í kjallara skólans, en unnið var að þeim framkvæmdum á árinu 2022, miðuðu að því að finna Regnbogalandi góða staðsetningu og bæta nýtingu á rými skólans enn fre-

mur.

Í dag starfa um 50 manns við Grunnskólann í Stykkishólmi og eru nemendur 178 talsins. Til samanburðar var nemendafjöldi við grunnskólann á árunum 2012-2022 á bilinu 145 til 160, en meðaltalsfjöldi á þeim árum var 151 nemandi. Þrátt fyrir að markviss skref



hafi verið tekin á undanförnum árum til að mæta húsnæðisþörfum skólans og skapa skólann aukið rými, þá var ljóst að núverandi rými var ekki nægt til að skapa metnaðarfullar aðstæður til skólaþróunar m.t.t. fjölda barna og starfsfólks. Þannig var að mati bæjarstjórnar og skólastjórnenda brýn þörf á auknu kennslurými.

Jakob Björgvin, bæjarstjóri, tekur undir með skólastjóra og segir málið fagnaðarefni. „Mannvirkin verða flutt í Hólminn þegar við höfum gengið frá nauðsynlegum jarðvegsframkvæmdum, lögnum og undirlagi. Í framhald-

inu verður í forgangi að standsetja þau húsnæði sem nýta á til kennslu og fyrir Regnbogaland og stefnt að því að þau verði tilbúin í haust.“

Þá segir Jakob Björgvin jafnframt að það sé ekki síst kostur með þessari fjárfestingu að verið sé með hagkvæmum hætti að mæta mörgum stórum áskorunum sem

sveitarfélagið stóð frammi fyrir á einu bretti.

„Þessar einingar munu nefnilega ekki einungis nýtast fyrir skólastarf, sem var þó aðal áherslan með þessum kaupum, heldur erum við einnig leysa aðrar áskoranir sem við höfum staðið frammi fyrir, t.d. geymsluhúsnæði fyrir sveitarfélagið, bætt aðstöðu á hafskipabryggju og nýtt húsnæði fyrir Skógræktarfélag Stykkishólms sem var stefnt að því að fjárfesta í á næsta ári. Allt þetta erum við að leysa með þessum kaupum.“

Lögð var rík áhersla í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 að mæta húsnæðisþörf

skólans líkt og fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins ber með sér. Þá er einnig verið að bregðast við þeim áskorunum sem taldar voru veigamestar í skóla- og frístundamálum í skólastefnu sveitarfélagsins frá árinu 2022, bæði hvað varðar skólann og nýja staðsetningu Regnbogalands, en með því að tengja húsnæði Regnbogalands við íþróttamiðstöð mun það einfaldar til muna aðgengi barna í 1-4 bekk sem nýtir þjónustu Regnbogalands að íþróttastarfi. „Við erum í raun að framfylgja þessari stefnumörkun bæjarstjórnar með þessum kaupum og fáum í kaupbæti meira til. Það má segja að með því að hugsa í lausnum höfum við náð að slá margar flugur í einu höggi. En þessi viðbót er fyrst og fremst að mínu mati fagnaðarefni fyrir börnin okkar og starfsfólk, enda er aðal ávinningur þessarar fjárfestingar aukið rými til kennslu sem skapar enn betri vinnuaðstæður fyrir starfsfólk og nemendur skólans. Það er auðvitað forgangsmál að skapa hér metnaðarfullar aðstæður og umhverfi fyrir fólkið okkar þar sem því getur liðið vel, en í þannig umgjörð fá börnin okkar og starfsfólk aukin tækifæri til að blómstra í leik og starfi. Það er auðvitað mikilvægast af öllu.“ - Segir Jakob Björgvin.



Sveitarfélagið Stykkishólmur auglýsir laust til umsóknar 100% starf verkefnastjóra framkvæmda og eigna sveitarfélagsins. Leitað er eftir öflugum og drifandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með framkvæmd byggingarverkefna í eignarsjóði sveitarfélagsins og kemur að utanumhaldi verklegra framkvæmda í sveitarfélaginu. Verkefnastjóri ber ábyrgð á fjölbreyttum og umfangsmiklum verkefnum á eignasjóði sem stuðla að uppbyggingu og þróun mannvirkja sveitarfélagsins ásamt aðkomu að öðrum verklegum framkvæmdum og verkefnastjórn í þjónustumiðstöð.

Starfið krefst góðrar samvinnu og samstarfs við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins, stofnanir þess, sem og íbúa, iðnaðarmenn, verktaka, opinbera aðila og aðra er málið varðar. Verkefnastjóri framkvæmda og eigna er að öðru leyti ábyrgur fyrir rekstri og framkvæmd verkefna sem heyrir undir starfssvið hans.

Laun taka mið starfsmati og kjarasamningum viðkomandi BSRB/ASÍ félaga við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 11. apríl 2025. Æskilegt er að sá einstaklingur sem ráðinn verður geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um starfið veitir:

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri, í síma 433-8100, og umsóknum skal skilað á netfangið radning@stykkisholmur.is.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og ábyrgð á framkvæmd byggingarverkefna og öðrum verkefnum eignasjóðs.
- Dagleg verkstjórn starfsmanna og ábyrgð á rekstri og framkvæmd verkefna sem heyrir undir starfssvið hans.
- Kemur að verkstýringu í þjónustumiðstöð og ber ábyrgð á samhæfingu verkefna milli eignasjóðs, hafnar og áhaldahúss.
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana.
- Yfirábyrgð og sinnir viðhaldi og viðgerðum á mannvirkjum og stjórnar viðhalds- og nýframkvæmdum mannvirkja, þ.m.t. gerð viðhaldsáætlana.
- Ber ábyrgð á gerð verk- og kostnaðaráætlana, útboðsgagna og samninga við verktaka og hönnuði.
- Kemur að skipulagi, samskiptum og umsjón með vetrarþjónustu sveitarfélagsins.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmeistararéttindi skv. 32. laga um mannvirki nr. 160/2010 eða sambærileg menntun.
- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla sem iðnaðarmaður með áherslu á viðgerðir á mannvirkjum
- Góð þekking á íslenskum byggingarreglugerðum og stöðlum
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Ríkuleg þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi skipulagshæfni
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og nákvæmni við skráningu gagna
- Fagleg samskipti og metnaður til að vinna vel í teymi
- Hreint sakavottorð.
- Góð íslenskukunnátta

Sveitarfélagið Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi og dregur nafn sitt af þéttbýlinu Stykkishólmi sem stendur við Breiðafjörð og er rómað fyrir einstaklega fallegt bæjarstæði. Um 1.330 manns búa í sveitarfélaginu sem er innan við tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þjónustustig er gott í Stykkishólmi og státar bæjarfélagið af ríkulegu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir fólk á öllum aldri og rötgrónum mennta- og menningarstofnunum. Alla helstu grunnþjónustu er að finna á svæðinu, m.a. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla, öflugt íþróttastarf, heilsugæslu, bókasafn, lágvörðunarslun og margt fleira. Þá eru atvinnuvegir fjölbreyttir og samfélagið fjölskylduvænt. Blómleg ferðaþjónusta býður ótal skemmtilega afþreyingarmöguleika fyrir heimafolk sem og gesti. Í sveitarfélaginu er fjölskrúðug og falleg náttúra og gott mannlíf. Það eru spennandi tímar og mikil uppbygging framundan í sveitarfélaginu. Aðstaða er fyrir störf óháð staðsetningu, t.d. fyrir maka.